



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2019

Efni: Umsögn Samtaka um kvennaathvarf um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. Þingskjal nr. 116 – 116. mál. lþ. 150

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Samtökum um kvennaathvarf til umsagnar tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, mál 116.

Með tillögunni er dómsmálaráðherra falið að setja á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun um heimilisofbeldismál á milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembættta. Starfshópnum verði falið m.a. að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga og koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda.

Fram kemur í greinargerð með tillögunni að verklagsreglur ríkislögreglustjóra hafa tryggt samstarf lögreglu við önnur stjórnvöld en það samstarf þarf að formast í hina áttina þ.e. frá félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntastofnunum til lögreglu. Til þess að svo megi verða þarf skýrar forvirkar lagaheimildir.

Samtök um kvennaathvarf fagna tillögunni og telja að allt upplýsingaflæði milli kerfa með samþykki þolenda eða með hagnuni barna að leiðarljósi verði til þess að auðveldara verði að uppræta heimilisofbeldi og telja tillöguna stuðla að því að þolendur heimilisofbeldis fái fyrr og frekar aðstoð sem geti svo stuðlað að því að þolendur komist út úr ofbeldissamböndum. Í kvennaathvarfinu sjáum við á hverjum degi að skortur á upplýsingaflæði kemur niður á þolendum heimilisofbeldis og ekki síst börnunum.

Samtök um kvennaathvarf hvetja þingmenn til þess að samþykkja tillöguna.

Virðingafyllst, f.h. Samtaka um kvennaathvarf


Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir,
lögfræðingur